

Fimmtudagurinn, 4. júlí 2002

Ákvörðun Samkeppnisstofnunar nr. 2/2002

Auglýsingar Seglagerðarinnar Ægis ehf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

1.

Með bréfi Samkeppnisstofnunar til Seglagerðarinnar Ægis ehf. dags. 17. apríl 2002, gerði stofnunin athugasemdir við fullyrðingar sem fram komu í einblöðungi fyrirtækisins um Palomino fellihýsi. Fullyrðingarnar sem um ræðir eru:

- *Palomino fellihýsin eru... vinsælustu fellihýsin á Íslandi.*
- *Palomino eru einu fellihýsin sem eru sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður...*

Með vísan til 20. gr. a og 21. gr. í samkeppnislögum var óskað eftir að Seglagerðin kæmi á framfæri sönnunum fullyrðinganna, upplýsingum um á hvern hátt Palomino fellihýsi væru sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður og sönnunum þess að þau séu einu fellihýsin á markaðnum sem búi yfir þessum eiginleikum.

Engin svör bárust frá Seglagerðinni Ægi.

2.

Með bréfi, dags. 31. maí 2002, var fyrra bréf ítrekað með vísan til þess að fyrrnefndur einblöðungur var enn í dreifingu. Jafnframt var bent á hert viðurlög við brotum á samkeppnislögum. Samkeppnisstofnun beindi þeim tilmælum til Seglagerðarinnar að breyta nú þegar öllum auglýsingum þannig að ekki þyrfti að koma til frekari aðgerða stofnunarinnar. Seglagerðinni var sem fyrr gefinn kostur á að koma á framfæri sönnunum fullyrðinga auglýsinganna.

Svör bárust ekki frá Seglagerðinni Ægi innan tilskilins tíma. Þann 13. júní 2002 hringdi forsvarsmaður fyrirtækisins til Samkeppnisstofnunar, óskaði upplýsinga og tjáði starfsmanni stofnunarinnar að svar væri væntanlegt. Svar barst ekki.

3.

Þann 21. júní 2002, barst Samkeppnisstofnun erindi frá Evró ehf. þar sem kvartað var yfir fjölmörgum sambærilegum atriðum og stofnunin hafði óskað sannana á í fyrrnefndum bréfum. Fullyrðingarnar um Palomino er að finna í bæklingi,

einblöðungi og á heimasíðu Seglagerðarinnar. Jafnframt kemur fram í erindi Evró að sölumenn Seglagerðarinnar beiti fullyrðingunum óspart við viðskiptavinum. Evró er keppinautur Seglagerðarinnar Ægis og flytur m.a. inn fellihýsi af gerðinni Coleman. Fullyrðingar Seglagerðarinnar um Palomino fellihýsi sem Evró kvartaði yfir eru eftirfarandi:

1. *Palomino eru einu fellihýsin sem eru sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður, bæði fyrir vegi, veðráttu og þægindi. Þar af leiðandi eru þau betur búin en önnur fellihýsi.*
2. *Palomino eru einu fellihýsin sem eru sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður, bæði fyrir vegi, veðráttu og þægindi, þar af leiðandi með meiri búnað en venja er.*
3. *Palomino fellihýsin hafa verið í notkun hér á landi um árabil með frábærum árangri. Þau eru einu fellihýsin hér á landi sem búið er að gera umtalsverðar breytingar á til að gera þau sem best útbúin fyrir íslenskar aðstæður upp á vegi, veður og þægindi.*
4. *Mest seldu vagnarnir á Íslandi 1998-1999-2000-2001...*
5. *Palomino fellihýsin eru einstaklega vönduð og eru vinsælustu fellihýsin á Íslandi.*
6. *Palomino fellihýsin eru einstaklega vönduð og eru vinsælustu fellihýsin á Íslandi í dag.*
7. *Fyrir þá sem vilja aðeins það allra besta og flottasta sem til er á markaðnum í fellihýsum, bjóðum við upp á glæsihýsið Palomino Mustang.*
8. *Ef þú vilt aðeins það allra besta, þá er Palomino Mustang, einmitt fellihýsið fyrir þig.*
9. *Einnig bendum við fólki á svefntjöldin sem koma yfir svefnherbergin tvö, en þau skapa mun meiri hlýju, öryggi og næði og fást einungis hjá Seglagerðinni Ægi.*
10. *Við hjá Seglagerðinni Ægi höfum boðið AL-CO flexitora í yfir 15 ár undir okkar felli- hjólhýsum og hefur aldrei komið upp bilun á öllum þessum árum.*

Framangreindar fullyrðingar telur Evró að brjóti í bága við ákvæði 20., 20. gr. a og 21. gr. samkeppnislaga. Fullyrðingarnar séu til þess fallnar að hafa áhrif á eftirspurn eftir fellihýsum og séu jafnframt ósanngjarnar gagnvart keppinautum og neytendum. Þá segir að fullyrðing um að Palomino fellihýsin séu einu fellihýsin sem sérhönnuð séu fyrir íslenskar aðstæður sé röng. Evró hafi frá árinu 1995 selt Coleman fellihýsi sem framleidd séu sérstaklega fyrir íslenskan markað.

Evró krefst þess að kynning Seglagerðarinnar Ægis á vörum fyrirtækisins verði bönnuð í þeirri mynd sem hún birtist neytendum og keppinautum, sbr. 2. mgr. 30. gr. samkeppnislaga. Helsti sölutími fellihýsa og tjaldvagna standi yfir og skjótra aðgerða sé þörf til að skekkja ekki samkeppnisstöðu á markaði. Óskað var flýtimeðferðar.

Þann 21. júní 2002 fór starfsmaður Samkeppnisstofnunar til Seglagerðarinnar Ægis og fékk þar ýmsar auglýsingar fyrirtækisins á fellihýsum og tjaldvögnum, bæði

einblöðunga og bæklinga. Í auglýsingunum er að finna fjölda fullyrðinga þar sem efsta stig lýsingarorða er notað.

Með bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 25. júní 2002, var erindi Evró sent til umsagnar Seglagerðarinnar. Af hálfu stofnunarinnar voru fyrri bréf jafnframt ítrekuð og gerðar athugasemdir við eftirfarandi fullyrðingar um Holiday Camp tjaldvagna:

1. *Ægir vinsælasti vagninn.*
2. *...höfum sérhannað Ægisvagninn til að standast íslenskar aðstæður. Öll smíði Ægisvagnsins miðast við það að hann þoli mun erfiðari aðstæður en venjulegir vagnar gera.*
3. *...sérhannaður af sérfræðingum ... fyrir íslenskar aðstæður.*

Í bréfi Samkeppnisstofnunar til Seglagerðarinnar kemur fram að með vísan til þess að fyrirtækið hafi í engu reynt að færa sönnur á fullyrðingar sínar virðist sem upplýsingar um Palomino fellihýsi og Holiday Camp tjaldvagna brjóti í bága við ákvæði 20. gr., 20. gr. a og 21. gr. samkeppnislaga. Seglagerðinni var gefinn frestur til kl. 9:30 þann 27. júní. Að þeim tíma liðnum megi vænta þess að málið verði lagt fyrir auglýsinganefnd. Til greina komi að beita heimild Samkeppnisstofnunar til töku íþyngjandi ákvörðunar, sbr. 2. mgr. 3. gr. reglna um málsmeðferð samkeppnisyfirvalda nr. 922/2001, eða að málið verði lagt fyrir samkeppnisráð til ákvörðunar. Jafnframt kom fram að búast mætti við að viðurlögum samkeppnislaga yrði beitt.

Engin svör bárust frá Seglagerðinni Ægi innan tilskilins tíma. Þann 28. júní 2002 hringdi starfsmaður Samkeppnisstofnunar til Seglagerðarinnar og spurðist fyrir um hvort svör væru væntanleg. Afgerandi svar var ekki gefið en fram kom að kannski myndi svar berast stofnuninni þann 1. júlí 2002. Þann 2. júlí 2002 hringdi forsvarsmáður Seglagerðarinnar til Samkeppnisstofnunar og boðaði að svar myndi berast fyrir hádegi þann 3. júlí 2002. Svar barst loks með símbréfi, dags. 2. júní 2002 (sic), kl. 14:20 sama dag.

4.

Í svari Seglagerðarinnar segir að fullyrðingar um að:

Palomino væru einu fellihýsin sem séu sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður;

Palomino væru vinsælustu fellihýsin og að

Palomino Mustang væru bestu og flottustu fellihýsin

hefðu verið felldar á brott eða orðalagi breytt í kynningarbæklingi og á heimasíðu fyrirtækisins. Engar upplýsingar fylgdu svari Seglagerðarinnar sem sýndu fram hvernig orðalagi hefði verið breytt.

Aðrar fullyrðingar telur Seglagerðin að unnt sé að rökstyðja. Seglagerðin segir að Palomino séu einu fellihýsin sem bjóði upphækkun og 220 volt sem staðalbúnað. Fyrirtækið geti því fullyrt að fellihýsin séu þau best útbúnu fyrir íslenskar aðstæður. Seglagerðin telur ekki ljóst hvað verið sé að gera athugasemdir við varðandi það að aldrei hafi komið upp bilanir í AL-CO flexitorum í yfir 15 ár. Fullyrðingin standist. Hvað varði svefntjöld sem fáist einungis hjá Seglagerðinni þá sé það rétt þar sem fyrirtækið sé hið eina sem framleiði tjöld fyrir sín fellihýsi.

Hvað varðar fullyrðingar um Holiday Camp tjaldvagna segir að Ægisvagninn hafi verið sá mest seldi árið 2001. Því til stuðnings er vísað í tölur frá Skráningarstofu sem séu meðfylgjandi. Engar slíkar upplýsingar fylgdu bréfi Seglagerðarinnar. Um sérhönnun Ægisvagnsins til að standast íslenskar aðstæður segir að umtalsverðar breytingar hafi verið gerðar á vagninum, s.s. á undirvagni, plastskel og dekkjum. Ekki sé verið að fullyrða að keppinautar geri ekki sambærilegar breytingar á vögnum sem þeir selji.

II.

Álit auglýsinganefndar

Á fundi auglýsinganefndar, þann 3. júní 2002, var mál þetta tekið fyrir. Þátt í fundinum tóku Tryggvi Axelsson, Sólveig Ólafsdóttir og Þuríður Jónsdóttir. Í fundargerð segir:

„Auglýsinganefnd hefur farið yfir gögn málsins. Málið snýst annars vegar um fullyrðingar um Palomino fellihýsi sem fram koma í auglýsingabæklingi, einblöðungi og á heimasíðu og hins vegar um fullyrðingar um Holiday Camp tjaldvagna á tveimur einblöðungum.

I. Auglýsingar á Palomino fellihýsum:

1. „Palomino eru einu fellihýsin sem eru sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður, bæði fyrir vegi, veðráttu og þægindi. Þar af leiðandi eru þau betur búin en önnur fellihýsi.“
2. „Palomino eru einu fellihýsin sem eru sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður, bæði fyrir vegi, veðráttu og þægindi, þar af leiðandi með meiri búnað en venja er.“

Framangreindar útgáfur sömu fullyrðingar, um að Palomino séu einu fellihýsin sem séu sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður, eru birtar í auglýsingabæklingi, einblöðungi og á heimasíðu Seglagerðarinnar Ægis. Í svari fyrirtækisins kemur fram að þessi fullyrðing sé ein þeirra sem hafi annað hvort verið fjarlægð eða orðalagi breytt. Engin dæmi um niðurfellingu eða breytingu orðalags fylgdu svari

fyrirtækisins og er fullyrðinguna t.d. enn að finna orðréttá á heimasíðu fyrirtækisins.

Auglýsinganefnd telur að Seglagerðin Ægir hafi ekki sýnt fram á að Palomino fellihýsin séu einu fellihýsin sem taki tillit til aðstæðna á Íslandi.

Fullyrðingin er því ósönnuð og brýtur í bága við ákvæði 20. gr. a og 21. gr. samkeppnislaga.

3. *„Palomino fellihýsin hafa verið í notkun hér á landi um árabil með frábærum árangri. Þau eru einu fellihýsin hér á landi sem búið er að gera umtalsverðar breytingar á til að gera þau sem best útbúin fyrir íslenskar aðstæður upp á vegi, veður og þægindi.“*

Fullyrðingin birtist á heimasíðu Seglagerðarinnar Ægis. Í svari fyrirtækisins er fullyrðingin rökstudd á þann hátt að Palomino fellihýsin séu þau einu sem séu með upphækkun og 220 volt sem staðalbúnað.

Auglýsinganefnd telur að Seglagerðin Ægir hafi ekki sýnt fram á að Palomino fellihýsin séu þau einu hér á landi sem búi yfir framangreindum eiginleikum. Engin gögn hafa komið fram þessu til staðfestingar.

Fullyrðingin er því ósönnuð og brýtur í bága við ákvæði gr. 20. a og 21. gr. samkeppnislaga.

4. *„Mest seldu vagnarnir á Íslandi 1998-1999-2000-2001...“*

Fullyrðingin birtist í auglýsingabæklingi Seglagerðarinnar Ægis.

Seglagerðin Ægir hefur ekki sýnt fram á að Palomino fellihýsi sé þau mest seldu t.d. hafa engar sölutölur verið lagðar fram fullyrðingunni til stuðnings.

Fullyrðingin er því ósönnuð og brýtur í bága við ákvæði 20. gr. a og 21. gr. samkeppnislaga.

5. *„Palomino fellihýsin eru einstaklega vönduð og eru vinsælustu fellihýsin á Íslandi.“*
6. *„Palomino fellihýsin eru einstaklega vönduð og eru vinsælustu fellihýsin á Íslandi í dag.“*

Framangreindar útgáfur sömu fullyrðingar, um að Palomino fellihýsin séu þau vinsælustu á Íslandi, eru birtar í auglýsingabæklingi og á heimasíðu

Seglagerðarinnar Ægis. Í svari fyrirtækisins kemur fram að þessi fullyrðing sé ein þeirra sem hafi annað hvort verið fjarlægð eða orðalagi breytt. Engin dæmi um niðurfellingu eða breytingu orðalags fylgdu svari fyrirtækisins og er fullyrðinguna t.d. enn að finna á heimasíðunni.

Á sama hátt og varðandi lið 4 hér að framan hefur Seglagerðin Ægir ekki sýnt fram á með sölutölum að Palomino fellihýsi séu þau vinsælustu á Íslandi.

Fullyrðingin er því ósönnuð og brýtur í bága við ákvæði 20. gr. a og 21. gr. samkeppnislaga.

7. *„Fyrir þá sem vilja aðeins það allra besta og flottasta sem til er á markaðnum í fellihýsum, bjóðum við upp á glæsihýsið Palomino Mustang.“*
8. *„Ef þú vilt aðeins það allra besta, þá er Palomino Mustang, einmitt fellihýsið fyrir þig.“*

Framangreindar útgáfur sömu fullyrðingar, um að Palomino Mustang fellihýsi séu þau bestu og flottustu, eru birtar í auglýsingabæklingi og á heimasíðu Seglagerðarinnar Ægis. Í svari fyrirtækisins kemur fram að þessi fullyrðing sé ein þeirra sem hafi annað hvort verið fjarlægð eða orðalagi breytt. Engin dæmi um niðurfellingu eða breytingu orðalags fylgdu svari fyrirtækisins og er fullyrðinguna t.d. enn að finna á heimasíðunni.

Seglagerðin Ægir hefur ekki sýnt fram á að Palomino Mustang fellihýsi sé þau bestu eða flottustu. Þá er að mati auglýsinganefndar heldur ekki hægt að sýna fram á slíkt þar sem kröfur neytenda eru mjög mismunandi og háðar mati hvers og eins.

Fullyrðingin er því ósönnuð og brýtur í bága við ákvæði 20. gr. a og 21. gr. samkeppnislaga.

9. *„Einnig bendum við fólki á svefntjöldin sem koma yfir svefnherbergin tvö, en þau skapa mun meiri hlýju, öryggi og næði og fást einungis hjá Seglagerðinni Ægi.“*

Með vísan til þess að Seglagerðin Ægir er eini söluaðilinn að svefntjöldum fyrir Palomino fellihýsi telur auglýsinganefnd ekki ástæðu til athugasemda við framangreinda fullyrðingu.

10. *„Við hjá Seglagerðinni Ægi höfum boðið AL-CO flexitora í yfir 15 ár undir okkar felli- hjólhýsum og hefur aldrei komið upp bilun á öllum þessum árum.“*

Auglýsinganefnd telur ekki ástæðu til að draga í efa að ekki hafi upp komið bilanir

í AL-CO flexitorum og gerir því ekki athugasemd við fullyrðinguna.

II. Auglýsingar á Holiday Camp tjaldvögnum:

1. „Ægir vinsælasti vagninn.“

Framangreind fullyrðing er birt í einblöðungi. Í svari Seglagerðarinnar Ægis segir:

„Ægisvagninn var mest seldi vagninn árið 2001. Legg því til sönnunar tölur frá Skráningarstofu.“

Engar upplýsingar frá Skráningarstofu fylgdu þó svari fyrirtækisins.

Auglýsinganefnd telur að Seglagerðin Ægir hafi ekki sýnt fram á með sölutölum að tjaldvagninn Ægir sé vinsælasti vagninn á Íslandi.

Fullyrðingin er því ósönnuð og brýtur í bága við ákvæði 20. gr. a og 21. gr. samkeppnislaga.

2. „...höfum sérhannað Ægisvagninn til að standast íslenskar aðstæður. Öll smíði Ægisvagnsins miðast við það að hann þoli mun erfiðari aðstæður en venjulegir vagnar gera.“
3. „...sérhannaður af sérfræðingum ... fyrir íslenskar aðstæður.“

Auglýsinganefnd telur ekki ástæðu til að gera athugasemdir við fullyrðingu um að Ægis tjaldvagninn sé hannaður fyrir íslenskar aðstæður og sé útbúinn umfram óbreyttan vagn.

Eins og fram hefur komið hefur Seglagerðin Ægir í svörum sínum varðandi liði 1, 2, 5, 6, 7, og 8 hér að framan sagt að fullyrðingarnar hafi annað hvort verið fjarlægðar eða orðalagi breytt. Engin dæmi hafa þó verið lögð fram þessu til sönnunar. Að því virtu telur auglýsinganefnd að fullyrðingarnar brjóti í bága við ákvæði samkeppnislaga.

Auglýsinganefnd leggur til við Samkeppnisstofnun að beitt verði viðurlögum samkeppnislaga varðandi þær fullyrðingar sem hér að framan hafa verið taldar brjóta í bága við ákvæði 20. gr. a og 21. gr. samkeppnislaga.“

III. Niðurstaða

Í máli þessu er deilt um fullyrðingar Seglagerðarinnar Ægis um Palomino fellihýsi og Holiday Camp tjaldvagna. Fullyrðingarnar sem birtast í auglýsingabæklingum, einblöðungum og á heimasíðu fyrirtækisins innihalda stóryrtar yfirlýsingar um eiginleika, gæði og vinsældir varanna. Notuð eru orð eins og vinsælust, best, flottust og að um sé að ræða einu fellihýsin sem sérhönnuð séu fyrir íslenskar aðstæður og séu þau betur búin en önnur fellihýsi.

Eins og fram hefur komið telur auglýsinganefnd, ráðgjafarnefnd samkeppnisráðs, að fullyrðingar auglýsinganna brjóti í bága við ákvæði 20. gr. a og 21. gr. samkeppnislaga.

Í 20. gr. a og 21. gr. samkeppnislaga er að finna þau skilyrði sem auglýsingar þurfa að uppfylla s.s. að í þeim séu ekki veittar rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar enda séu upplýsingarnar til þess fallnar að hafa áhrif á eftirspurn vara. Þannig kemur fram í gr. 20. a að auglýsingar þar sem beint eða óbeint er vísað til keppinautar eða vöru sem keppinautur býður megi ekki vera villandi, samanburður sé gerður á sannreynanlegum eiginleikum, og vörum keppinauta sé ekki sýnd lítilsvirðing. Jafnframt er í 21. gr. laganna að auglýsingar og aðrar viðskiptaaðferðir skuli ekki vera ósanngjarnar gagnvart keppinautum eða neytendum.

Í úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 15/1998, *Logaland gegn samkeppnisráði*, segir m.a.:

„Sú regla sem fram kemur í 21. gr. samkeppnislaga, er réttilega skýrð svo, að í henni felist að meginstefnu vísun til þess að á seljanda (auglýsanda) vöru hvíli sönnunarbyrði um að þær fullyrðingar eða upplýsingar sem hann lætur fylgja vöru sinni séu sannar, enda á hann oftast mun auðveldara með að sanna það atriði en samkeppnisyfírvöld. Er þessi meginregla um sönnunarbyrði á þessu sviði, sem þó verður að beita með þeim takmörkunum sem kunna að leiða af... reglum um rannsóknar- og leiðbeiningarskyldu stjórnvaldsins, jafnframt hefðhelguð hér á landi sem og í grannlöndum okkar og er hún sums staðar beinlínis lögbundin.“

Samkeppnisstofnun tekur fram að Seglagerðinni Ægi var með þremur bréfum gefinn kostur á að tjá sig og færa rök fyrir fullyrðingum sínum. Seglagerðin Ægir svaraði í engu tveimur bréfum og svar við þriðja bréfi stofnunarinnar barst ekki fyrr en eftir að frestur var liðinn og eftir að ítrekað hafði verið gengið á eftir forsvarsmönnum fyrirtækisins með að tjá sig í málinu. Í því bréfi sem þá barst var vísað í að orðalagi hefði verið breytt í nokkrum tilvikum og til gagna sem fylgja áttu bréfinu. Engin dæmi voru sýnd um orðalagsbreytingar og gögn fylgdu ekki bréfinu.

Með vísan til alls framangreinds er Samkeppnisstofnun sammála álitum auglýsinganefndar um þær fullyrðingar sem um er deilt í máli þessu.

Í reglum um málsmeðferð samkeppnisyfirvalda nr. 922/2001 segir í 2. mgr. 3. greinar:

„Þegar fyrir liggur niðurstaða samkeppnisráðs í sambærilegu máli er Samkeppnisstofnun heimilt að taka íþyngjandi ákvörðun á neðra stjórnarsýslustigi í málum sem falla undir 20.a., 21. og 22. gr. samkeppnislaga eftir að álits auglýsinganefndar hefur verið aflað.“

Samkeppnisstofnun bendir á að fyrir liggja niðurstöður samkeppnisráðs í málum þar sem lýsingarorð í efsta stigi hafa verið notuð og auglýsandi ekki getað sýnt fram á réttmæti fullyrðinga sinna. Má í þessu sambandi nefna ákvörðun nr. 38/2001, *Auglýsingar Bræðanna Ormsson ehf. á loftbóludekkjum* og ákvörðun nr. 1/2001, *Kvörtun Eðalvara ehf. yfir auglýsingu Cetus ehf. á Power Ginseng*. Í báðum þessum málum notuðu auglýsendur efsta stig lýsingarorða s.s. „*Bestu dekkinn...*“ og „*...sterkasta ginseng í heimi...*“. Samkeppnisráð taldi auglýsingarnar brjóta gegn ákvæðum 21. gr. samkeppnislaga þar sem fullyrðingarnar væru ósannaðar og því villandi. Auglýsingarnar voru bannaðar með vísan til 2. mgr. 30. gr. laganna.

Samkeppnisstofnun hefur jafnframt aflað álits auglýsinganefndar á máli þessu sem telur, eins og að framan greinir, að auglýsingarnar brjóti gegn ákvæðum 20. gr. a og 21. gr. samkeppnislaga.

Samkeppnisstofnun telur því að skilyrði 2. mgr. 3. gr. reglna um málsmeðferð samkeppnisyfirvalda séu uppfyllt.

Með vísan til alls framangreinds telur Samkeppnisstofnun auglýsingar Seglagerðarinnar Ægis þar sem eftirtaldar fullyrðingar koma fram brjóti gegn ákvæðum 20. gr. a og 21. gr. samkeppnislaga.

Með heimild í 30. gr. samkeppnislaga, sbr. 3. gr. reglna um málsmeðferð samkeppnisyfirvalda, telur Samkeppnisstofnun því nauðsynlegt að banna Seglagerðinni Ægi frekari birtingu auglýsinga þar sem framangreindar fullyrðingar koma fram.

IV.
Ákvörðunarorð:

„Með vísan til 20. gr. a og 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 og með heimild í 30. gr. sömu laga, sbr. 3. gr. reglna nr. 922/2001 um málsmeðferð samkeppnisyfirvalda, bannar Samkeppnisstofnun Seglagerðinni Ægi ehf., Eyjarslóð 7, Reykjavík, að birta auglýsingar þar sem fullyrt er að:

I. Palomino fellihýsi séu:

einu fellihýsin sem séu sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður;
einu fellihýsin sem búið sé að gera umtalsverðar breytingar á til að gera þau sem best útbúin;
mest seldu vagnarnir á Íslandi árin 1998, 1999, 2000, 2001;
vinsælustu fellihýsin á Íslandi;
þau bestu eða flottustu.

II. Holiday Camp tjaldvagn, Ægisvagninn sé vinsælasti vagninn.

Bannið tekur gildi við birtingu.

Verði banninu ekki fylgt mun Samkeppnisstofnun leggja til við samkeppnisráð að viðurlögum 51. gr. samkeppnislaga verði beitt.“